

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2010 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-119/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaup vegna galla sem hún segir vera á bifreiðinni A, hún hafi keypt af fyrirtækinu Y 4. janúar 2008. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi kosti viðgerð á gallanum að fullu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 28. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 11. október. Með bréfi, dags. 14. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 24. október. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 27. október sl., var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt gögnum málsins keypti álitsbeiðandi bifreiðina A 4. janúar 2008. Bifreiðin er af gerðinni Álitsbeiðandi segir að bifreiðin hafi aðeins verið ekið 17.347 km þegar hún hafi bilað. Í ljós hafi komið að nemi hafi verið ónýtur og hafi verið skipt um hann. Þá hafi og komið í ljós að bensíndæla væri ónýt. Álitsbeiðandi kveðst gera kröfu til þess að seljandi greiði meðfylgjandi reikninga. Þeir eru tveir, annar fyrir bilanagreiningu, dags. 19. ágúst 2010 að fjárhæð kr. 19.202 og hinn fyrir skipti á nox sensor og forritun, dags. 8. september 2010 að fjárhæð kr. 21.270. Verður skilja álitsbeiðnina svo að krafa álitsbeiðanda sé að seljandi greiði þessa reikninga sem eru samtals að fjárhæð kr. 40.472. Álitsbeiðandi segir seljanda viðurkenna þessar bilanir með því að greiða fyrir báða hlutina og líka vinnu við bensíndælu, en ekki greiningu og vinnu við nemann. Hún kveðst vera afar ósátt við þá afgreiðslu seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a.:

1. Umrædd bifreið, A, er af gerðinni og nýskráð 4. janúar 2008. Ábyrgðartími framleiðanda bifreiðarinnar lauk í janúar 2010. Krafa álitsbeiðanda snýr að Z en þar sem Y er umboðs- og söluaðili bílsins er andsvörum skilað fyrir hönd Y, þrátt fyrir að vinna við bílinn hafi að hluta farið fram hjá Z fyrir hönd Y, en fyrirtækin eru nú rekin í sama húsnæði.

2. Í ágúst kemur bifreiðin til bilanagreiningar á verkstæði okkar. Samkvæmt lýsingu eiganda sem skráð er á verkbeiðni er þetta bilanalýsingin: „Check engine ljós kviknar stundum. Þarf að keyra bíl lengi. Kemur Reduced power“. Í ljós kemur bilun í súrefnisskynjara (Nitrogen Oxide Sensor). Viðeigandi varahlutur var pantaður og skipt um hann í bifreiðinni þann 9. september sl.
3. Ábyrgðartími framleiðandans,, eru 2 ár og bifreiðin því utan ábyrgðartíma hans. Framleiðandinn veitir þó oft hluttekningu í viðgerð bifreiða sem hafa nýlega fallið úr ábyrgð hans og því var sótt um hluttekningu í þessari viðgerð. samþykkti að leggja til nýjan skynjara en eigandi bæri vinnuliðinn.
4. Samkvæmt álitsbeiðninni byggir eigandi A kröfu sína á því að bifreiðin sé ekin 17.347 km. Bifreiðin er rúmlega tveggja og hálfis árs þegar umrædd bilun kemur upp og því ljóst að hún er utan ábyrgðartíma framleiðanda. Umhirða, umgengni, aksturslag, notkun eða notkunarleysi hefur mjög mikil áhrif á endingu bifreiða og íhluti þeirra. Utanaðkomandi þættir eins og t.d. sótnmyndun eða önnur óhreinindi geta skemmt skynjara eins og hér um ræðir og haft afgerandi áhrif á endingartíma þeirra sem kemur framleiðslugalla ekkert við. Samkvæmt lögum um neytendakaup hefur neytandi 2ja ára kvörtunarfrest, ef ábyrgðarskilmálar framleiðanda kveða ekki á um lengri tíma, nema ef söluhlutur eða hlutum hans sé *ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti*, þá er fresturinn 5 ár. Y hafnar því alfarið að bifreiðum eða íhlutum þeirra sé *ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti*.

Samantekt:

Samkvæmt ofangreindu fellur umrædd bilun í A ekki undir ábyrgð framleiðanda en framleiðandi samþykkti að leggja til varahlut eiganda að kostnaðarlausu en vinnuliðurinn væri á kostnað eiganda. Því er hafnað að umræddur íhlutur bifreiðarinnar falli undir 5 ára kvörtunaregluna í 27. gr. laga um neytendakaup nr. 48 2003, þar sem honum er ekki *ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti*.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z. f.h. Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en seljandi hefur atvinnu af því að selja bifreiðir

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Kærunefndinni þykir ástæða til að taka sérstaklega fram vegna þess sem segir í andsvörum seljanda að hann hafni því alfarið að kvörtunarfrestur vegna bifreiða og íhluta þeirra geti fallið undir 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. svokallaða 5 ára reglu, að kærunefndin hefur í mörgum álitum sínum komist að andstæðri niðurstöðu. Þar sem kærunefndin hefur ekki enn tekið þá ákvörðun að birta nöfn aðila ágreinings sem fyrir hana er lagður, hvað sem síðar kann að verða, er það álit hennar að það væri í samræmi við góða viðskiptahætti að seljandi gerði neytendum sérstaklega grein fyrir þessari skoðun sinni þannig að þeir geti tekið tillit til hennar í viðskiptum sínum við hann.

Í andsvörum seljanda kemur ekkert fram um að bensíndæla bifreiðarinnar hafi bilað þótt svo geti hafa verið. Hvað sem því líður þá ná reikningar þeir sem álitsbeiðandi

krefst að seljandi greiði, og ágreiningurinn snýst því um, ekki til bilunar af því tagi og verður því ekki um hana fjallað í þessu álitni kærunefndarinnar. Fyrri reikningurinn nær til bilanagreiningar þar sem fram kemur að skipta þurfi um nema í pústkerfi en jafnframt minnst á eldsneytisþrýsting sem geti verið orsök þess að ákveðinn kóði kemur fram í bilanagreiningunni. Síðari reikningurinn er hins vegar fyrir skipti á nemanum og forritun vélartölvu í framhaldi af skiptunum.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eru svohljóðandi ákvæði:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. másl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr., sem að framan er rakin, er hinn almenni kvörtunarfrestur neytanda 2 ár frá þeim tíma talið að hann fékk söluhlut afhentan. Hins vegar er kvörtunarfresturinn 5 ár sé um að ræða söluhlut eða hluta hans sem ætla má að endist verulega lengur en almennt gerist um söluhluti. Álitsbeiðandi kvartaði undan bilun í bifreiðinni þegar hún var rúmlega tveggja og hálfis árs gömul.

Skynjari sá sem bilaði í pústkerfi í bifreið álitsbeiðanda er ætlað það hlutverk að skynja hver bruni er í vélinni og koma skilaboðum um það til stjórnölvu vélarinnar sem á síðan að bæta brunann þannig að hann verði sem hagkvæmastur. Það er ljóst að hér er um viðkvæman íhlut að ræða og ending hans getur verið undir ýmsum atvikum komin.

Það er álit kærunefndarinnar að nemi þessi sé íhlutur sem ekki sé hægt að ætla að fella undir 5 ára kvörtunaregluna heldur eigi 2ja ára reglan við. Álitsbeiðandi kvartaði vegna nemans eftir að lengri tími en tvö ár var liðinn frá kaupunum og af þeim ástæðum verður að hafna kröfu hennar.

VI

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir